

**67. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 1. hæð, Stillholti 16-18,
29. ágúst 2017 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Þórður Guðjónsson formaður, Sigríður Indriðadóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Ingunn Ríkharðsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Íris Guðrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi starfsfólks leikskóla, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1708156 - Dagforeldrar - starfshópur

Umfjöllun um tillögur starfshóps um stöðu dagforeldra á Akranesi og inntöku barna og innritunartíma á leikskóla.

Skóla- og frístundaráð leggur til við bæjarráð að í fjárhagsáætlun ársins 2018 verði gert ráð fyrir að hækka niðurgreiðslur til foreldra barna hjá dagforeldrum úr kr. 40.000 á mánuði í kr. 55.000 frá og með 1. janúar 2018.

Endurskoðun á reglum um niðurgreiðslur til foreldra barna hjá dagforeldrum frestað til næsta fundar.

Áheyrnarfulltrúar Ingunn Ríkharðsdóttir og Íris Guðrún Sigurðardóttir viku af fundi kl. 17:30

2. 1706078 - Innritun í leikskóla á Akranesi

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum 18. ágúst sl. að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs í samvinnu við sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs og stjórnsýslu- og fjármálasviðs að hefja undirbúning að gerð leigusamnings við Skátafélag Akraness á notkun húsnæðis þeirra fyrir leikskóladeild yngri barna. Jafnframt fól bæjarráð sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að hefja undirbúning innritunar barna fædd í upphafi árs 2016 fyrr en áætlað var.

Skóla- og frístundaráð samþykkir að ný deild yngri barna sem verður rekin í húsnæði Skátafélags Akraness, verði undir stjórn leikskólans Garðasels.

Skóla- og frístundaráð óskar eftir að fá kynningu á áætlun um stofnun og starfsemi deildarinnar á fundi sínum þann 17. október nk.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Pjörður Guðrún

Sigríður Indriðadóttir

Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir

Kristinn Hallur Sveinsson

Sigrún Inga Guðnadóttir

Uf.